



Varðandi: Guðlaug - framtíð

Málsnúmer: 1910042

Dagsetning: 09.06.2021

TILLAGA:

Bæjarráð samþykkir svohljóðandi breytingu á sumaropnunun Guðlaugar við Langasand:

- Alla virka daga opið frá kl. 12:00-20:00.
- Um helgar opið frá kl. 10:00-18:00.

Megin breytingin felst í opnun á miðvikudögum þar sem opið er frá kl. 10:00-18:00 og á sunnudögum þar sem opið er frá kl. 10:00-20:00.

GREINARGERÐ:

Tillaga er lögð fyrir bæjarráð um breytingu á sumaropnun Guðlaugar. Í dag er opið frá 1. maí til 31. ágúst, frá kl. 12-20 fyrir utan miðviku- og laugardaga, þá verður opið frá kl. 10-18 og lengst á sunnudögum eða frá kl. 10-20. Breytingin sem um ræðir á einugis við sumaropnun og er til þess gerð að einfalda opnun fyrir notendur laugarinnar og fyrir markaðskynningu. Breytingin felur ekki í sér aukin fjárútlát.

Lagt er til að hafa sömu opnun á virkum dögum eða frá kl. 12:00 til 20:00. Morgnarnir væru þá nýttir fyrir hópa sem hafa áhuga á að koma í laugina sér. Maímánuður í ár hefur til að mynda verið mikið nýttur fyrir skólahópa. Þá er lagt til að hafa opið um helgar frá kl. 10:00-18:00. Sjósuðsfélagið nýtur morgna um helgarn mjög vel og því mikilvægt að opna kl. 10:00. Mjög rólegt er eftir kl. 18:00 á sunnudögum og því er lögð fram tillaga um að breyta þeirri opnun. Að auglýsa opnun laugarinnar verður mun auðveldara með einfaldari opnun og ruglar síður virka notendur laugarinnar.

Sædís Alexía Sigurmundsdóttir

skrifstofustjóri